

AUGLÝSING

um deiliskipulag fyrir Hleinargarð II, Fljótsdalshéraði.

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs samþykkti 1. september 2010, deiliskipulag fyrir frístundabyggð í landi Hleinargarðs II, Fljótsdalshéraði. Skipulagssvæðið er um 300 hektarar að stærð og er afmarkað á uppdrætti með þykkri gulri punktalínu. Svæðinu er skipt upp í fjóra reiti, A-D, sem eru afmarkaðir með blárri brotalínu. Á reit A verða 20 lóðir, á reit B verða 25 lóðir, á reit C verða 26 lóðir og á reit D verða 18 lóðir. Alls verða því 89 lóðir fyrir frístundahús á skipulagssvæðinu.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Fljótsdalshéraði, 20. september 2010.

Ómar Þ. Björgólfsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 20. september 2010